

Erindi íbúaráðs Kjalarness um lóðamál í Grundarhverfi til skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar

Í Grundarhverfi á Kjalarnesi er óbyggð lóð sem ætluð var sem leikskólalóð í skipulagi sem unnið var af Kjalarneshreppi og samþykkt árið 1998. Eftir sameiningu sveitarfélaganna Kjalarneshrepps og Reykjavíkur var tekin ákvörðun um annan stað fyrir leikskóla þar sem hann er nú. Þessa lóð mætti vel nýta sem íbúðalóð, og leggur íbúaráð Kjalarness til að hún verði tekin til endurskipulagningar með tilliti til þess.

Önnur óbyggð lóð sem mun líklega teljast vera Vallargrund 1 er á milli Norðurgrundar 1 og Vallargrundar 3. Í upphafi hefur hún verið skipulögð fyrir verslun en minnkuð eða öllu heldur skipt upp í tvennt. Þessi lóð virðist því ekki vera deiliskipulögð. Íbúaráð hefur áhuga á að ræða möguleikana á nýtingu þessarar lóðar. Nýta mætti lóðina sem verslunar- og íbúðalóð. Byggingarreiturn gæti t.d. verið einsog sýnt er á meðfylgjandi mynd (blátt svæði). Ásamt bílakjallara væri leyfilegt væri að hafa verslanir og skrifstofur á fyrstu og annari hæð, íbúðir á þriðju til fimmtu hæð.

Samkvæmt upplýsingum ráðsins eru fornleifarannsóknir forsenda þess að hægt sé að fara í deiliskipulagningu og loks framkvæmdir á eftirtöldum lóðum; Hofsgrund 16, Helgugrund 9,11,12,14, Jörfagrund 11,12,13,14, 41-45 og 47-51. Samkvæmt upplýsingum íbúaráðs Kjalarness verður vinna vegna fornleifarannsókna væntanlega boðin út í febrúar.

Íbúaráð Kjalarness hvetur skipulags- og samgönguráð eindregið til þess að beita sér fyrir því að nauðsynlegri undirbúnings- og skipulagsvinnu sé hraðað svo uppbygging geti hafist hið fyrsta á umræddum lóðum á Kjalarnesi.

